

5. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um laun hins setta skólameistara.

1873.

31. janúar.

Í bréfi 6. nóvbr. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík Jens Sigurðsson sè andaður, og hafið þér jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þér 4. s. m. hafið sett yfirkennara Jón Þorkelsson til að standa fyrir skólameistara-embættinu jafnframt því, að hann sè yfirkennari við skólann eins og áður, og ávísað honum eptir 6 vikur liðnar frá því, er hann var settur skólameistari, helming skólameistara-launa eða 66 rd. 64 sk. á mánuði. Þér hafið einnig borið upp þá spurningu, hvort hann ennfremur hefði tilkall til helmings launaviðbótar þeirrar, sem samkvæmt lögum 26. marzm. 1870 er lögð til skólameistara embættisins, sem er 9 rd. á mánuði, og yrði það alls á mánuði 75 rd. 64 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörði þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á framkvæmdir yðar í þessu máli, og skal þess jafnframt getið, að yfirkennari Jón Þorkelsson skuli sem settur skólameistari hafa í laun 75 rd. 64 sk. alls á mánuði frá þeim degi, er hann var settur, ef hann er í þeirri stöðu fram yfir 6 vikur (sbr. lög 26. marz 1870, 6. gr.).

6. Bréf dómsmálastjórnarinnar til aðalpóststjórnarinnar, um póstafgreiðslustað í Skaptafellssýslu.

8. febrúar.

Með þessu bréfi gefst aðalpóststjórninni til vitundar, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt svo frá, að hann samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hefir veitt bonum, hafi gjört þá breytingu á auglýsingu um póstmál á Íslandi, 3. maí f. á., að póstafgreiðslustaðurinn í Skaptafellssýslu, sem samkvæmt tæðri